

NOVA KLÚBBURINN HF.
STARFSREGLUR ENDURSKOÐUNARNEFNDAR

1. Hlutverk og markmið

- 1.1. Nova Klúbburinn hf. („félagið“) hefur skipað endurskoðunarnefnd („nefndina“) í samræmi við IX. kafla A. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Reglur þessar og nefndin skulu endurspegla þau markmið og gildi sem fram koma í fyrrgreindum lögum sem og leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 1.2. Nefndin skal vera óháður aðili innan félagsins sem starfar í umboði stjórnar og hefur effirlit með reikningsskilaaðferðum, ársreikningum, áhættustýringu og fleira í samræmi við reglur þessar.
- 1.3. Reglur þessar gilda að breyttu breytanda einnig um dótturfélög félagsins

2. Skipan nefndarinnar

- 2.1. Nefndin skal skipuð af stjórn, þó að undangenginni tilnefningu aðalfundar í tilvikum utanaðkomandi nefndarmanna, sbr. 2. mgr. 108. gr. a. laga um ársreikninga, nr. 3/2006.
- 2.2. Nefndin skal skipuð þremur einstaklingum.
- 2.3. Að lágmarki tveir nefndarmanna skulu vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum þess, endurskoðendum félagsins og stórum hluthöfum í félaginu. Starfsmenn félagsins og forstjóri mega ekki eiga sæti í nefndinni.
- 2.4. Nefndarmenn skulu búa yfir þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmaður skal búa yfir traustri þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Við mat á þekkingu og reynslu nefndarmanna skal líta til effirfarandi þátta: (a) þekkingar á gildandi reglum um bókhald, (b) þekkingar á gerð og greiningu reikninga og endurskoðun, (c) þekkingu á innra effirliti og effirliti með reikningsskilum.
- 2.5. Stjórn félagsins skipar nefndarmenn, í samræmi við ákvæði þetta, árlega á fyrsta reglulega stjórnarfundum eftir aðalfund, þó eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

3. Verkefni nefndarinnar

3.1. Ábyrgð nefndarinnar felst m.a. í eftirfarandi:

- (a) Nefndin leggur fyrir stjórn tillögu um val á endurskoðunarfyrirtæki.
- (b) Nefndin skal hafa effirlit með verkferlum við gerð reikninga, svo og fyrirkomulagi og skilvirkni innra effirlits félagsins og áhættustýringar.
- (c) Nefndin skal hafa effirlit með því að félagið greini, meti og stýri megináhættum í rekstri á vandaðan hátt, m.a. með rýni á innra effirliti, ferlum og reikningsskilum, umræðu við stjórnendur og ytri endurskoðendur um helstu áhættur.
- (c) Nefndin skal hafa effirlit með endurskoðun ársreikninga og samstæðureiknings félagsins.
- (d) Nefndin skal leggja mat á hlutleysi endurskoðanda félagsins og hafa effirlit með öðrum verkefnum endurskoðanda. Við mat á hlutleysi endurskoðanda skal nefndin taka mið af V. kafla laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun, sem fjallar um óhæði endurskoðanda í reynd og ásýnd.
- (e) Nefndin skal fara yfir fjárhagsupplýsingar sem daglegir stjórnendur og endurskoðendur félagsins leggja fyrir stjórn félagsins og staðfesta að þessar upplýsingar endurspegli á réttan hátt rekstur félagsins, fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur.
- (f) Nefndin skal árlega óska eftir skriflegri skýrslu frá endurskoðanda félagsins þar sem gerð er grein fyrir öllum mikilvægum atriðum sem fram hafa komið við síðustu endurskoðun þeirra. Í skýrslunni skal sérstaklega fjallað um hvers kyns veikleika í innra effirliti við gerð reikninga. Skýrslubeiðni nefndarinnar skal endurspeгла nauðsyn þess að framangreindar upplýsingar komi fram.

3.2. Nefndin ber enga stjórnunarábyrgð að því er varðar effirlitshlutverk sitt, niðurstöður og tillögur. Það skal vera á ábyrgð framkvæmdastjórnar samkvæmt fyrirætlum eða heimild stjórnar að grípa til viðeigandi aðgerða.

3.3. Nefndin ber ekki ábyrgð á að staðfesta réttmæti eða heilleika reikningsskila félagsins, gerð þeirra í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur eða á réttmæti skýrslu ytri endurskoðanda. Ábyrgð á reikningsskilum og upplýsingagjöf félagsins hvílir á stjórnendum og ytri endurskoðanda í samræmi við faglega ábyrgð þeirra.

4. Aðgengi að gögnum, upplýsingum og ráðgjöf

4.1. Nefndin skal hafa aðgang að fullnægjandi gögnum og upplýsingum hjá félaginu, eða eftir atvikum þriðju aðilum, til að geta sinnt skyldum sínum.

- 4.2. Nefndin skal hafa heimild til að leita allra upplýsinga eða gagna hjá stjórn félagsins og ytri endurskoðendum, sem nauðsynleg eru henni til að geta sinnt störfum sínum.
- 4.3. Nefndin skal hafa aðgang að framkvæmdastjórn félagsins ef þess er krafist í þeim tilgangi að afla nauðsynlegra upplýsinga til að geta sinnt störfum sínum.
- 4.4. Nefndin getur óskað eftir minnisblaði eða skýrslu frá stjórn félagsins eða endurskoðendum að því marki sem nauðsynlegt er til að afla upplýsinga og leggja mat á fjárhagsstöðu félagsins.

5. Nefndarfundir og verklag

- 5.1. Formaður nefndarinnar boðar til funda nefndarinnar með minnst sjö daga fyrirvara og stýrir fundum. Formaður getur boðað til nefndarfunda að eigin frumkvæði eða að beiðni annarra nefndarmanna, stjórnarformanns, ytri endurskoðanda félagsins eða framkvæmdastjóra félagsins. Lögfræðingur félagsins ritar fundargerðir.
- 5.2. Nefndin skal í upphafi hvers starfsárs gera starfsáætlun fyrir árið, þar sem tiltekin eru helstu verkefni nefndarinnar.
- 5.3. Nefndin getur, eftir því sem þörf krefur, boðið ytri endurskoðendum félagsins, stjórnarmönnum eða starfsmönnum félagsins til funda sinna.
- 5.4. Nefndarfundir skulu vera minnst fjórir á ári, einn fyrir hvern ársfjórðung.
- 5.5. Nefndarfundur er bær til úrlausnar ef tveir nefndarmenn eru viðstaddir. Atkvæði formanns ræður úrslitum um tillögur, falli atkvæði jafnt.

6. Trúnaður

- 6.1. Nefndarmenn bera þagnarskyldu gagnvart félaginu um öll mál sem snerta félagið eða viðskiptavinum þess, sem þeim kann að verða kunnugt um við framkvæmd starfa sinna. Nefndarmönnum er óheimilt að miðla upplýsingum um félagið eða viðskiptavinum þess til þriðja aðila nema með skriflegu samþykki stjórnar félagsins, eða að lög mæli fyrir um það.
- 6.2. Þagnarskyldan varir ótímabundið, jafnvel þótt nefndarsetu lýkur.
- 6.3. Nefndarmenn skulu varðveita tryggilega öll gögn sem þeir kunna að hafa undir höndum vegna starfa sinna fyrir nefndina.

7. Önnur ákvæði

- 7.1. Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega og samþykktar af stjórn félagsins. Nefndin getur lagt til breytingar á reglum þessum til staðfestingar stjórnar.
- 7.2. Um ábyrgð, vald og hlutverk nefndarinnar, að öðru leyti en greinir í reglum þessum, fer samkvæmt gildandi lögum og samþykktum félagsins.

Þannig samþykkt af stjórn Nova Klúbbsins hf. 24. febrúar 2026